GRUNDUN:

Grafa skal, fyrir undirstöðum, niður á burðarhæfan klapparbotn eða annað burðarhæft lag, samkvæmt úttekt byggingarfulltrúa.
Fyllingarefnið er frostfri grús, þjöppuð rækilega í hæfilega þykkum lögum, t.d. í 30 sm lögum með 5 tonna víbróvaltara og 4 yfirferðum á hvert lag, þar sem búast má við ójöfnum botni skal vanda sérstaklega þjöppun, grús undir undirstöðum og botnplötu sé hvergi minni en 500 mm. á þykkt.

Þjöppun á að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

E2 ≥ 8Mpa
E1 ≥ 5 Mpa
E2/E1 ≤ 2,3

FRÁRENNSLISLAGNIR:

Frárennslislagnir eru allar úr stífum plastpípum af viðurkendri gerð t.d. PVC og verða að standast þær kröfur sem fram eru settar í ÍST-65.

Vísað er í RB-blað nr. Rb(12).401 varðandi frágang við jarðvatnslagnir.
Uppgefnir kótar eru miðaðir við rennslisbotn á pípum.

Vanda skal alla vinnu við lagningu frárennslislagnanna og gæta sérstaklega að því að pípur hvíli á belgnum, en ekki samskeytum, að undirlag sé vel þjappað og burðarhæft.
Ekki skal leggja lagnir á frosið undirlag.
Efni og frágangur skal að öllu leiti vera í samræmi við gildandi holræsareglugerð og ÍST-65.

GK = Gólfkóti
NF = Niðurfall frá þaki

HBRØ1000 = Hreinsibrunnur með þvermál Ø1000

GN = Gólfniðurfall
ÞV = Þvottavél
EV = Eldhúsvaskur

GN-g = Gólfniðurfall með gegnumrennsli

SKV = Skolvaskur

HL = Handlaug
ST = Sturta
VS = Vatnssalerni

BK = Baðkar

Fn = Fallpípa nr. n

YÞ = Loftun upp fyrir þak.

J = steypujárn
PL = Plast
ST = Steinsteypa

PEH = Polyetylen með háa eðlisþyngd.

——————— Merkir pakkaða fráveitulögn

— —— —— —— — Merkir ópakkaða regnvatns- og drenlögn

JÁRNBENDING:

Járnastærðir eru í mm.

Steypustyrktarstál merkt R á teikningu er slétt stál ST37 Steypustyrktarstál merkt K á teikningu er kambstál Ks 40 með σf = 400 Mpa.

MERKING JÁRNA:

K10 m/m250 merkir að eitt 10 mm kambjárn komi á hverja 250 mm. Í plötu er fjarlægð gefin milli beinna járna innbyrðis og milli uppbeygðra járna innbyrðis.

Heildregin lína merki járn í neðri brún plötu. ----------
Brotin lína merki járn í efri brún plötu. -- -- -- -- --

Bil milli láréttra járna í bitum er 25 mm fyrir 16 mm járn en 30 mm fyrir sverari járn.
Í plötum má ekki skeyta meira en þriðja hvert járn í þversniði, bil milli skeytiþversniða sé ekki minna en 40 x þvermál járnstangar.
Víxlunarlengd á samskeytum (skeytilengd) er a.m.k. 40 x þvermál járnstangar.
Beygjuþvermál kambstáls skal mera 20 x þvermál járnstangar en fyrir suðuhæft stál 5 x þvermál járnstangar.

Í efri og neðri brún undirstaða komi 2K12 lárétt járn sem beygjast heil fyrir horn.
Umhverfis öll múrop skal setja 2K12 sem nái a.m.k. 600 mm út fyrir opin.
Í alla veggenda og efst í alla veggi skal setja 2K12.

FJARLÆGÐ JÁRNA FRÁ STEYPUYFIRBORÐI, Í MM:

	Plötur	Veggir	Bitar	Súlur
Innanhúss	**15**	**20**	**25**	**25**
Utanhúss	**20**	**20**	**25**	**30**
Undirstöður	**30**	**30**		

STEINSTEYPA Í STAÐSTEYPTUM BYGGINGAHLUTUM:

Öll steypa og steypuvinna skal vera í samræmi við íslenska staðal ÍST-10, framkvæmdaflokk B.
Nota skal loftblendi sem gefur 5- 7% loftinnihald við útlögn.
Titra skal steypu.
Sigmál skal vera 60-80 mm.
VS-tala sé ekki hærri en 0,5.
Hámarkssteinastærð í steypu sé 32 mm, þó ekki stærri en 16 mm í ásteypulagi.
Nota skal þjálniefni í steypu ofan grunnplötu, t.d. KEMFLOT 35.

Í undirstöður notist S250
Í botnplötu notist S250
Í útveggi notist S250
Í bita og súlur notist S250
Í ásteypulag notist S250

Lágmark sementsinnihalds Í S250 steinsteypu er 300 kg/m³ og vs-tal < 0,5.

ÁLAGSFORSENDUR:

Miðað er við álög, þar sem það á við, samkvæmt ÍST-12

Notálag:

Hæðarskil og gólfplötur, jafndreift álag
Álag á gólfplötu = 1,5 kN/m²
Léttir veggir = 1,0 kN/m²

Vindálag:

Z=6
v = 15,5(log z + 2) = 15,5(log 60 + 2) = 43,1 m/sek
Grunngildi = q = 43,1²/1600 = 1,16 kN/m²

Snjóálag:

Svæði 1 : s = 1,0 kN/m²

Jarðskjálftaálag : ÍST-13

Svæði 4 : z = 1,0
Veggjabygging : k = 1,33

Eiginþungi :

Þak	1,20 kN/m²
Steinsteypa	25,00 kN/m³
Gólfilögn	1,00 kN/m²

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Yfirfarið
20 OKT. 2015
Byggingarfulltrúi

LÁRÉTT SNIÐ Í VEGG SEM SÝNIR FRÁGANG Á HORNUM ÞAR SEM JÁRNAGRINDUR MÆTAST.:



7062

Breytingar:

HÚSEY hf
Teikni- og verkfræðiþjónusta. SELFOSSI

Vinnustofa: Stóru-Sandvík 4, 801 Selfoss. Sími 482-1738 / 898-9199 Netfang: samsh@simnet.is

Áb.m. og rétthafi ©: Samúel Smári Hreggviðsson, byggingatæknifræðingur, M.T.F.Í. Kt.: 200752-4659

Viðfangsefni: ÁLFTABYGGÐ 5, Hrunamannahreppi

Verkhluti: Almennar skýringar fyrir undirstöður og fráveitu

Mælikvarði: 1:50 og 1:20
Teiknað/Reiknað: ssh

Dagsetning: Stóru-Sandvík 4, í september 2015

Samþykkt:

Verknúmer: 15-706

Teikn.nr.: 2-01